

XXVI. AFSTAÐA TILVITNUNARMERKJA OG SVIGA TIL ANNARRA GREINARMERKJA

126

Punktur, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á undan seinni gæsalöppum ef gæsalappinnar auðkenna heila málsgrein eða tilsvarendi.

„Þetta var vel af sér vikið.“
Guðmundur sagði: „Börnin eiga að koma heim.“
„Ég held,“ sagði hún, „að þetta geti gengið.“
„Hver er þetta?“
„Hvað þá!“

Punktur, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á eftir seinni gæsalöppum ef gæsalappinnar auðkenna aðeins hluta málsgreinarinnar.

Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukkutíma“.
Hann notaði orðið „strax“, það merkti hjá honum „eftir klukkutíma“.
Notaði hann orðið „strax“?
Hann notaði orðið „strax“!

127

Punktur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á undan seinni sviga ef svigarnir afmarka heila málsgrein eða tilsvarendi. Einnig geta spurningarmerki og upphrópunarmerki komið innan sviga ef þau eiga aðeins við það sem er í sviganum en ekki alla málsgreinina.

Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Verkamenn tóku ekki afstöðu.)
Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Hver var afstaða verkamanna?)
Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Ekki satt?)
Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Verkamenn tóku ekki afstöðu!)
Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Já!)
Þá reis deila milli bænda (rétt?) og sjómanna.
Þá reis deila milli búenda (svo!) og sjómanna.

Punktur, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á eftir seinni sviga ef svigarnir afmarka aðeins hluta málsgreinarinnar.

Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536).
Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536), á því leikur enginn vafi.
Er ekki hluti svæðisins á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536)?
Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536)!

128

Semikommur eru hafðar aftan við gæsalappir og sviga.

Haraldur var dómhvatur og sagði m.a.: „Embættisfærsla Guðmundar er fyrir neðan allar hellur“; enginn viðstaddra samþykkti þetta.
Haraldur sagði að embættisfærsla Guðmundar væri fyrir neðan allar hellur (dómhvatur eins og fyrri daginn); enginn viðstaddra samþykkti þetta.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.